



Nefndasvið Alþingis
b. t. Allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 2013
Tilv.: 1204016

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, 490. mál

Samkeppniseftirlitið vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 25. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (eignarhald, ábyrgðarmenn o.fl.), þskj. 631, 490. mál. Hliðstætt frumvarp var til meðferðar Alþingis á síðasta löggjafarþingi og sendi Samkeppniseftirlitið þá inn umsögn, með bréfi dagsettu 10. maí 2012. Telur Samkeppniseftirlitið óhjákvæmilegt að senda inn umsögn að nýju enda virðist í engu tekið tillit til ábendinga og athugasemda eftirlitsins sem fram komu í fyrri umsögn.

Í fyrrgreindri umsögn Samkeppniseftirlitsins við fyrra frumvarp kom fram að eftirlitið væri í meginráttum sammála þeirri aðferðafræði sem valin sé í þeim tilgangi að sporna við neikvæðum áhrifum mikillar samþjöppunar á eignarhaldi fjölmiðla á Íslandi. Engu að síður lagðist eftirlitið eindregið gegn samþykkt frumvarpsins eins og það lá fyrir, þar sem frumvarpið byggði á þeirri forsendu að hið aukna eftirlit Samkeppniseftirlitsins, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, fæli ekki í sér kostnað umfram núverandi fjárheimildir eftirlitsins. Vísað var í þessu sambandi til kostnaðarumsagnar fjármálaráðuneytisins sem fylgdi málinu.

Í þessu sambandi benti Samkeppniseftirlitið á að ef markmið laganna ættu að ná fram að ganga þyrfti að byggja upp þekkingu á fjölmiðlarétti sem ekki væri til staðar hjá Samkeppniseftirlitinu. Sú þekkingaruppbygging og aukin verkefni henni tengd jafngiltu 1,5 stöðugildi. Þar við bættist að íhlutun í skipulag fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði byggði á flóknu mati og umfangsmikilli vinnu sem hefði mikinn kostnað í för með sér. Í umsögninni voru færð rök fyrir því að kostnaður vegna einnar íhlutunar í skipulag eða eignarhald á fjölmiðlafyrirtæki myndi hlaupa á tugum milljóna, um eða yfir 60 m.kr.

Alvarlegast væri þó að samkvæmt frumvarpinu væri Samkeppniseftirlitinu skylt að verða við tilmælum fjölmiðlanefndar um rannsóknir á fjölmiðlamarkaði, sbr. 17. gr. frumvarpsins. Með þeim hætti væri sjálfstæði eftirlitsins skert ef ekki væru fyrirfram tryggðar viðeigandi fjárheimildir fyrir hverja rannsókn. Lagði Samkeppniseftirlitið fram breytingatillögu við frumvarpið sem koma myndi í veg fyrir að fjölmiðlanefnd gæti með tilmælum sínum kollvarpað öðrum verkefnum eftirlitsins.



Í nefndaráli meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar á síðasta löggjafarþingi, þskj. 1549 – 599. mál, var í engu tekið tillit til eða farið að ábendingum og athugasemdum Samkeppniseftirlitsins.

Í frumvarpi því sem nú liggur fyrir Alþingi er heldur ekki tekið tillit til athugasemda Samkeppniseftirlitsins. Að vísu hefur kostnaðarumsögn fjármálaráðuneytisins verið breytt á þann veg að viðurkennt er að breytingarnar kunni að fela í sér kostnaðarauka, en eftir sem áður verði ekki séð að verulegar breytingar verði á rekstrarkostnaði Samkeppniseftirlitsins.

Það er ofar skilningi Samkeppniseftirlitsins ef stjórnvöld, þ. á m. löggjafarvaldið, standa í þeirri trú að unnt sé ná fram markmiðum frumvarpsins um að draga úr samþjöppun og tryggja fjölbreytni og fjölræði á fjölmiðlamarkaði með þeim tækjum sem byggt er á í frumvarpinu, án þess að það feli í sér verulegan kostnað fyrir þá eftirlitsstofnun sem beita á tækjunum. Í fyrrgreindu nefndaráli og endurframlögðu frumvarpi er algerlega horft fram hjá skýrum rökum hér að lútandi, sem byggja á margra ára reynslu Samkeppniseftirlitsins af beitingu hliðstæðra tækja.


Með hliðsjón af framangreindu vill Samkeppniseftirlitið taka skýrt fram að það telur að frumskyldur þess liggi í því að framfylgja bannreglum samkeppnislaga og núgildandi samrunaeftirliti. Um það getur löggjafinn sjálfur vart deilt. Fjárveitingar til þessara hefðbundnu verkefna Samkeppniseftirlitsins hafa verið skornar niður um 20% að raungildi frá hruni.

Komi til þess að umrætt frumvarp nái óbreytt fram að ganga, án þess að verulegur kostnaðarauki af framkvæmd nýrra laga verði viðurkenndur og fjárveitingar tryggðar, verður löggjafinn að gera sér ljóst að Samkeppniseftirlitið mun að líkindum ekki geta beitt nýjum lagaheimildum með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Með sama hætti verður löggjafinn að gera sér ljóst að markmið um beitingu úrræða til að standa vörð um fjölbreytni og fjölræði fjölmiðla munu að líkindum ekki ná fram að ganga, verði frumvarpið samþykkt á óbreyttum forsendum þess.

Að öðru leyti er vísað til tilvitnaðrar umsagnar við frumvarpið á síðasta löggjafarþingi, dags. 10. maí 2012.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið


Rögnvaldur J. Sæmundsson
formaður stjórnar


Páll Gunnar Pálsson
forstjóri